

Borgarstjórn
7. mars 2017

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukið gagnsæi vegna niðurstaðna PISA-könnunar

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að óska eftir því við Menntamálastofnun að Reykjavíkurborg fái sundurgreindar upplýsingar um árangur hvers skóla í borginni í PISA-könnun 2015 í einstökum greinum; þ.e. lesskilningi, náttúruvísindum og stærðfræði. Umræddar upplýsingar um árangur hvers skóla verði sendar viðkomandi skólastjórnendum, sem kynni þær fyrir skólaráðum sínum og stjórn foreldrafélags, í því skyni að hvetja til upplýstra umræðna um kennsluhætti og námsárangur.